

Greinargerð með tillögum um breytingar á samþykktum Lánasjóðs sveitarfélaga lagðar til við aðalfund félagsins 12. júní 2020.

Breyting í þeim tilgangi að gera mögulegt að halda aðalfund með rafrænum hætti:

Fyrir aftan 10 gr. bætist ný málsgrein:

„Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur í heild eða að hluta, enda sé þess gætt að tækni sú sem nýtt er til fundarins uppfylli skilyrði hlutafélagalaga og tryggi örugga framkvæmd fundarins. Ákvörðun um að fundur sé haldinn rafrænt skal getið í fundarboði. Þar skulu einnig koma fram upplýsingar um tæknibúnað, hvernig hluthafar geta tilkynnt um rafræna þátttöku sína og hvar þeir geta nálgast nánari upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í fundinum.

Ef hluthafafundur er haldinn með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða að öllu leyti, skulu hluthafar sem hyggjast sækja fundinn með rafrænum hætti tilkynna skrifstofu félagsins um þátttöku sína eigi síðar en þremur sólarhringum fyrir upphaf fundarins og þá samtímis leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.“

Þetta er í samræmi við 80b. gr. 2. mgr. og síðari mgr. í hlutafélagalögum nr. 2/1995.

Breyting í þeim tilgangi að gera rafræn samskipti við hluthafa auðveldari og tryggja að stjórnarmenn geti fundað rafrænt:

Fyrir aftan 8 gr. bætist ný málsgrein:

„Félaginu er heimilt að nýta rafræn skjalasamskipti og rafpóst í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa s.s. varðandi boðun hluthafafunda, greiðslu arðs, upplýsinga varðandi forkaupsrétt eða annarra tilkynninga sem stjórn félagsins ákveður að skuli sendar hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír.“

Þetta er í samræmi við 80b. gr. í hlutafélagalögum nr. 2/1995.

Inní 2. mgr. 16. gr bætist við ný setning:

„Stjórnarmönnum er heimilt að sækja fund í gegnum síma eða önnur margmiðlunartæki, að því marki sem samræmist verkefnum stjórnar en stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri geta krafist þess að stjórnarfundur verði haldinn með hefðbundnum hætti.“

Þetta er í samræmi við 3. mgr. 70. gr. í hlutafélagalögum nr. 2/1995.

Breyting á mögulegum ráðningartíma endurskoðanda til samræmis við breytingar í lögum um endurskoðendur.

19 gr. breytist og verður:

„Á aðalfundi skal kjósa félaginu löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki til a.m.k. eins árs en þó ekki lengri tíma en tíu ára í senn. Um hæfi og hlutgengi við kosningu endurskoðanda fer að lögum.“

Áður var einungis heimilt að ráða endurskoðanda til 5 ára og þá þurfti að skipta um endurskoðanda og endurskoðunarfyrtæki. Lögin voru rýmkuð og tillagan er að breyta samþykktum til samræmis.

Til viðbótar eru eftirtaldar tillögur sem snúa að því að gera ákvæði samþykktanna skýrari.

Viðbótaliður við 11. gr. – Þar sem tiltaka á, í dagskrá aðalfundar, kosningu stjórnar og varastjórnar.

Breyting á 12. gr. - Heimild til stjórnar að tiltaka í fundarboði frest fyrir hluthafa til að fá mál tekin fyrir á aðalfundi.

Breyting á 14. og 15. gr. - Árétting að gæta kynjahlutfalli við kosningu stjórnarmanna.